EYSTRAHORN

10. tbl. 44. árgangur 19. nóvember 2026



FJÓRAR VIKUR Í JÓLABLAÐIÐ

Jólablað Eystrahorns kemur út fimmtudaginn 17. desember og því eru rétt fjórar vikur til stefnu. Undirbúningurinn er hafinn og mig langar að fá ykkur lesendur með í að fylla blaðið af skemmtilegu efni.

Ég á góðar jólaminningar frá æskuárunum á Höfn, meðal annars af rúntinum með pabba þegar við bárum út jólakortin. Það var eitthvað svo notalegt við þessar gæðastundir og ég sakna þessa siðar nú þegar margir láta kveðju á samfélagsmiðlum duga.

Hvaða jólaminningar eigið þið? Við leitum að jólasögum, gömlum minningum, uppskriftum, föndurhugmyndum, þrautum og öðru skemmtilegu í jólablaðið. Mig langar líka að heyra af fólki sem væri áhugavert að taka viðtal við og jólahefðum sem gaman væri að segja frá. Það þarf ekki að vera búið að skrifa fullbúna grein, sendið mér línu ef þið hafið hugmynd.

Það er líka ýmislegt að frétta hjá okkur. Við erum komin með skrifstofuaðstöðu á annarri hæð fyrir ofan AFL og Vaka Sif, dóttir okkar, er farin að aðstoða við blaðið. Hún mun koma að efnisöflun og vefsíðunni og það er mér mikils virði að fá hana með í starfið.

Jólakveðjurnar verða auðvitað á sínum stað og við hvetjum einstaklinga, fjölskyldur, félög og fyrirtæki til að vera með. Við höldum verðinu á staðlaðri jólakveðju óbreyttu frá því í fyrra, 8.900 krónum. Hún er í einföldu jólasniði með stuttum texta og nafni sendanda. Fyrirtæki geta valið þessa leið rétt eins og einstaklingar, en stærri kveðjur með meira rými fyrir merki, myndir eða eigin útfærslu eru í boði samkvæmt verðskrá.



Dæmi um jólakveðju

Efni, ábendingar og pantanir á jólakveðjum má senda á eystrahorn@eystrahorn.is. Hafið endilega samband tímanlega svo við höfum svigrúm til að vinna efnið og ganga frá blaðinu. Skilafrestur fyrir jólablaðið er 11. desember. Nánari upplýsingar á eystrahorn.is/jolablad.

Ég hlakka til að heyra frá ykkur!



GUÐRÚN ÁSDÍS
Ritstjóri

Eystrahorn | FRAM AÐ ÁRAMÓTUM

Útgáfudagar og skilafrestir 2026

11. TÖLUBLAÐ

Fimmtudaginn
3. desember

Skilafrestur
27. nóvember

12. TÖLUBLAÐ JÓLABLAÐ

Fimmtudaginn
17. desember

Skilafrestur
11. desember

eystrahorn@eystrahorn.is

EYSTRAHORN 2026

Útgefandi: HLS ehf.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir
Netfang: eystrahorn@eystrahorn.is
Sími: 867 6604
Heimasíða: www.eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Tjörvi Óskarsson
Forsíðumynd: Tjörvi Óskarsson, sólsetur við Ránarslóð
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

EYSTRAHORN

HRÓSIÐ

Við hvetjum lesendur sem vilja hrósa eða þakka fyrir eitthvað í okkar samfélagi til að senda tölvupóst á eystrahorn@eystrahorn.is.
Að þessu sinni fengum við sent hrós frá Alberti Eymundssyni fyrrum útgefanda Eystrahorns sem tók ekki annað í mál en það yrði birt. Við þökkum kærlega fyrir hrósið.

VILJUM VIÐ HAFA EYSTRAHORN ÁFRAM?



Mér finnst kominn tími til að hrósa útgefendum Eystrahorns fyrir vandað og fjölbreytt blað. Það er ekki sjálfgefið að fólk vilji taka slíkt verkefni að sér. Prentútgáfa er í eðli sínu kostnaðarsöm og þar með áhættusöm fyrir útgefendur. Ég þekki sjálfur aðeins til útgáfunnar og vil því þakka Guðrúnu og Tjörva fyrir þau blöð sem komin eru út og hvet þau til að halda áfram á sömu braut.

Ég held að margir átti sig ekki á allri vinnunni sem liggur að baki hverju tölublaði og því álagi sem fylgir því að koma blaðinu vel uppsettu í prentun á réttum tíma. Ég er líka nokkuð viss um að útgefendur velta því fyrir sér hvort auglýsingatekjur og valgreiðslur dugi fyrir kostnaði og sanngjörnum launum fyrir vinnu þeirra.

Ef við viljum áfram fá blaðið mánaðarlega í núverandi mynd þurfum við að standa saman um að styðja við útgáfuna.



Vaka Sif og Guðrún Ásdís á skrifstofu Eystrahorns

Í því samhengi langar mig að nefna tvennt. Blaðið er opinn vettvangur fyrir greinar og fréttir úr samfélaginu og þannig á það að vera. Efni sem fyrst og fremst kynnir vöru eða þjónustu á hins vegar heima á auglýsingasíðunum. Eins er eðlilegt að greiða uppsett verð fyrir auglýsingar, nema sérstakar ástæður séu til annars. Þetta skiptir meira máli en margur heldur. Í svo litlum rekstri kemur hver afsláttur og hver ógreidd auglýsing í raun beint niður á launum útgefenda.

Þetta er ekki sagt til að draga úr neinum. Þvert á móti vona ég að sem flestir haldi áfram að auglýsa og senda inn efni. Ég hvet lesendur sem ekki styðja blaðið nú þegar til að gera það og auglýsendur til að nýta sér þann góða miðil sem Eystrahorn er.

Albert Eymundsson



HEYRN
Heyrnarþjónusta síðan 2007
534-9600
heyrn.is

KASK Flutningar
Daglegar ferðir milli Hafnar og Reykjavíkur
Sími: 470 8220

KRÓNAN

Við opnum laugardaginn 21. nóvember!

Ný og glæsileg verslun á Höfn, frábær opnunartilboð!





-25%

Nói Síríus suðusúkkulaði

627 kr. pk.

Verð áður ~~837~~ kr. pk.



-30%

Bláber 500 g

959 kr. pk.

Verð áður ~~1370~~ kr. pk.



-30%

Avocado 4 stk.

594 kr. pk.

Verð áður ~~849~~ kr. pk.

*Gildir ekki með öðrum tilboðum. Tilboðin gilda 21. - 22. nóvember á meðan birgðir endast. Aðeins í Krónunni Höfn.

-25%



Rummo fusilli 3 pk.

749 kr. pk.

Verð áður ~~999~~ kr. pk.

-35%



Ambrosi parmigiano

649 kr. stk.

Verð áður ~~999~~ kr. stk.

-30%



Klaki blár/grænn 12 pk.

899 kr. pk.

Verð áður ~~1330~~ kr. pk.

-25%



Ódýrt ungnautahakk, 500 g

1274 kr. pk.

Verð áður ~~1699~~ kr. pk.

-20%



Ódýrt kjúklingabringur

2199 kr. kg

Verð áður ~~2749~~ kr. kg

-25%



SS lambalæri hvítlaukspipar

2599 kr. kg

Verð áður ~~3499~~ kr. kg

-40%



Finish uppþvottatöflur

1559 kr. pk.

Verð áður ~~2599~~ kr. pk.

5% afsláttur ef þú Skannar og skundar 21. - 22. nóvember* Sæktu appið hér





-30%

af öllum vörum frá Dave & Jon's

Afgreiðslutímar á kronan.is

FYRIRKOMULAG ÍBÚAKOSNINGAR UM NÝJAN MIÐBÆ

Kostuð kynning: Sveitarfélagið Hornafjörður

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti á fundi sínum 3. nóvember 2026 að fram færi ráðgefandi íbúakosning um fyrirhugaðan samning sveitarfélagsins við Landsbyggð hf. vegna uppbyggingar á nýjum miðbæ á Höfn, sbr. 4. lið, ásamt fylgigögnum, sbr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og reglugerð nr. 922/2023 um íbúakosningar sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Atkvæðagreiðslan fer fram dagana 5.–15. desember 2026, að báðum dögum meðtöldum. Atkvæðagreiðslan er ráðgefandi og ekki bindandi í skilningi 3. mgr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga. Bæjarstjórn lýsir þeim vilja sínum að leggja niðurstöðuna til grundvallar frekari afgreiðslu málsins, að virtum lögum og lögbundinni málsmeðferð.

Tillaga að deiliskipulagi miðbæjar Hafnar sætir málsmeðferð samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 og verður tekin til afgreiðslu að lokinni þeirri málsmeðferð, að virtum athugasemdum sem berast.

Kosningarétt hafa íbúar sveitarfélagsins sem uppfylla skilyrði 2. mgr. 133. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, að því frátöldu að kosningaaldur miðast við 16 ár á lokadegi atkvæðagreiðslunnar, 15. desember 2026, sbr. 3. og 4. mgr. 133. gr. sveitarstjórnarlaga og 2. gr. reglugerðar nr. 922/2023.

Atkvæðagreiðslan fer fram á kjörstað. Ekki verður boðið upp á atkvæðagreiðslu með pósti, sbr. heimild í 10. gr. reglugerðar nr. 922/2023.

Sveitarfélaginu verður skipt í tvær kjördeildir:

- **Kjördeild I**: Kjósendur með lögheimili í póstnúmerum 780 og 781.
- **Kjördeild II**: Kjósendur með lögheimili í póstnúmeri 785.

Kjörstaður beggja kjördeilda verður í ráðhúsinu á Höfn, að frátöldum laugardeginum 5. desember 2026 þegar kjörstaður kjördeildar II verður í Hofgarði í Öræfum, kl. 09:00–15:00. Á þeim tíma verður kjördeild II ekki opin í ráðhúsinu.



Atkvæðagreiðsla fer fram daglega kl. 09:00–15:00, alla daga kosningatímabilsins, þar með talið laugardaga og sunnudaga.

Íbúar geta nálgast kynningargögn vegna kosningarinnar á heimasíðu sveitarfélagsins, www. hornafjordur.is.

Spurning á kjörseðli verður eftirfarandi:

Á fundi bæjarstjórnar 3. nóvember 2026 var samþykkt tillaga um að efnt yrði til ráðgefandi íbúakosningar um fyrirhugaðan samning Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Landsbyggðar hf., dags. 31. október 2026, ásamt fylgiskjölum, um uppbyggingu nýs miðbæjar á Höfn sbr. 107. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og reglugerð nr. 922/2023 um íbúakosningar sveitarfélaga.

Samþykkir þú framangreinda tillögu um samning við Landsbyggð?

[ ] **Já** – Ég samþykki tillöguna
[ ] **Nei** – Ég hafna tillögunni

LOPPUMARKAÐUR STYRKJUM UNICEF

Aðsend grein: Grunnskóli Hornafjarðar, umhverfisnefnd



Frá vinstri: Fenrir Máni Sigþórsson, Arnór Darri Torfason, Friðrik Jarl Bragason, Ída Lúcía Finnsdóttir, Eiríkur Atli Friðriksson



Nokkrir hressir krakkar í undirbúningi

Góðan dag allir. Við í umhverfisnefnd Grunnskóla Hornafjarðar erum að vinna að grænfánaverkefni, sem við gerum á hverju ári. Í ráðinu eru krakkar í 5.-10. bekk. Í ár erum við að vinna með ákveðin þemu, sem eru hnattrænt réttlæti og hringrásarhagkerfið. Það sem við höfum gert hingað til er að fylla út matslista og við fundum reglulega. Í tengslum við grænfánaverkefnið okkar ætlum við að halda loppumarkað, og gefa ágóðann af borða leigunni í gott málefni, við völdum að styrkja UNICEF sem styrkir íbúa á Gaza.

Loppumarkaðurinn verður á Hafinu, laugardaginn 21. nóvember kl. 11-15. Leiga á borði er 5.000 kr. og hægt er að bóka borð hjá Þórdísi Maríu í síma 788-5665 eða á netfanginu thordise@hornafjordur.is.



LANDSBYGGÐIN SKAPAR VERÐMÆTIN

EN HVER TEKUR ÁKVARÐANIRNAR?

Aðsend grein: Laufey Guðmundsdóttir, formaður Ferðamálafélags Austur - Skaftafellssýslu

Er kominn tími til að endurskoða miðstýringu, skattlagningu og þau skilyrði sem fólk og fyrirtæki utan höfuðborgarsvæðisins búa við?

Hversu vel skilja íslenskir stjórnendur, stjórnvöld og opinberar stofnanir raunveruleikann sem íbúar og fyrirtæki á landsbyggðinni búa við?

FERÐAMÁLAFÉLAG
AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU



Stór hluti verðmætasköpunar Íslands fer fram utan höfuðborgarsvæðisins. Þar starfa fyrirtæki, skapast störf og verða til verðmæti sem skipta þjóðarbúið miklu máli. Samt virðist oft sem ákvarðanir um rekstrarumhverfi, skattlagningu og þjónustu séu teknar út frá aðstæðum höfuðborgarsvæðisins, án nægilegs skilnings á veruleika landsbyggðarinnar.

Þá vaknar eðlileg spurning: Hvers vegna verður stór hluti verðmætasköpunar þjóðarinnar til úti á landi á meðan stór hluti ákvarðanatökunnar, stjórnsýslunnar og stefnumótunarinnar er áfram miðaður við höfuðborgarsvæðið?

ANNAR REKSTRARVERULEIKI

Það er ekki hægt að bera rekstur fyrirtækja í Reykjavík og á landsbyggðinni saman án þess að taka tillit til ólíkra aðstæðna.

Fjarlægðir, veðurfar, samgöngur, flutningskostnaður og skortur á starfsfólki og sérhæfðri þjónustu geta haft veruleg áhrif á rekstur. Einföld viðgerð getur kallað á langa ferð og truflun á starfsemi. Aðföng og þjónusta eru ekki alltaf aðgengileg með sama hætti og í þéttbýlinu.

Þetta er veruleiki sem þeir sem móta rekstrarskilyrði fyrirtækja þurfa að þekkja. Ákvarðanir verða að byggjast á raunverulegum aðstæðum en ekki eingöngu á almennum útreikningum og stöðluðum reglum.

HVER BER AUKAKOSTNAÐINN?

Skattar og opinber gjöld eru annað stórt álitaefni. Veggjöld, kílómetragjöld og annar samgöngukostnaður geta haft sérstaklega mikil áhrif á fólk og fyrirtæki sem þurfa að ferðast langar vegalengdir.

Á mörgum stöðum á landsbyggðinni er bíll ekki munaður heldur forsenda þess að geta sinnt vinnu, skóla, heilbrigðisþjónustu og daglegum erindum. Fyrirtæki eru sömuleiðis háð ökutækjum til að flytja starfsfólk, vörur og búnað.



Kílómetragjald getur því haft allt önnur áhrif á einstakling sem þarf að aka tugi eða hundruð kílómetra vegna vinnu og daglegra þarfa en þann sem hefur stuttar vegalengdir og fleiri samgöngumöguleika.

Þessu til viðbótar er verð á eldsneyti og nauðsynjavörum oft hærra úti á landi vegna flutningskostnaðar og takmarkaðrar samkeppni.

Er sanngjarnt að leggja sömu gjöld á fólk með svo ólíkar aðstæður? Er tekið nægilegt tillit til þeirra sem hafa ekkert raunhæft val um akstur eða hvar þeir geta keypt nauðsynjar?

Jafnræði snýst ekki alltaf um að allir greiði það sama. Það snýst líka um að taka tillit til ólíkra aðstæðna.

HAMLAR MIÐSTÝRING UPPBYGGINGU?

Það er ástæða til að spyrja hvort miðstýring valds og ákvarðanatöku sé farin að hamla nýsköpun og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni.

Fyrirtæki og sveitarfélög þurfa oft að sækja ákvarðanir til

stofnana í Reykjavík. Þar getur skort þekkingu á staðbundnum aðstæðum og þeim tækifærum sem felast í því að færa ákvarðanir nær þeim sem þær varða.

Sá tími sem opinberar stofnanir gefa sér í að svara erindum skiptir vikum og jafnvel mánuðum, stundum með algerlega óþörfu málþófi er verulega hamlandi.

Verðmætasköpun verður ekki til af sjálfu sér. Það er mikilvægt fyrir samfélög eins og Austur-Skaftafellssýslu að fá frið og tækifæri til að vaxa og dafna, samhliða nýsköpun og frumkvöðlastarfi.

Nýsköpun og uppbygging fyrirtækja tekur tíma. Frumkvöðlar þurfa svigrúm til að þróa vörur sínar og þjónustu, prófa nýjar hugmyndir og byggja starfsemi sína upp í áföngum.

Gæði og öryggi eiga að vera sjálfsögð markmið, en regluverk, leyfisveitingar og síbreytilegar kröfur mega ekki verða meiri hindrun fyrir nýsköpun en stuðningur við hana. Framkvæmdin þarf að taka mið af stærð fyrirtækja, staðbundnum aðstæðum og þeim tíma sem þarf til að þróa nýja starfsemi.

Meiri valddreifing myndi skapa svigrúm fyrir frumkvæði, staðbundnar lausnir og hraðari viðbrögð. Sveitarfélög, atvinnurekendur og íbúar þurfa ekki aðeins að fá tækifæri til að tjá sig um ákvarðanir sem varða þeirra svæði, heldur að hafa raunveruleg áhrif á þær.

Það er munur á því að fá að segja sína skoðun eða að hafa vald til að móta niðurstöðuna.

ÍSLAND ER EITT LAND

Þetta snýst ekki um að stilla Reykjavík og landsbyggðinni upp sem andstæðingum. Höfuðborgarsvæðið er mikilvægur hluti af íslensku samfélagi, en það er landsbyggðin líka.

Við getum ekki talað um byggðafestu og mikilvægi verðmætasköpunar á landsbyggðinni án þess að skoða hvort fólki og fyrirtækjum þar séu í raun búin sambærileg skilyrði.

Það þarf að horfa á heildarmyndina: skattlagningu, opinbera gjaldtöku, samgöngur, þjónustu, fjárfestingar og stjórnsýslu. Allt þetta hefur áhrif á hvort fólk sér framtíð í heimabyggð sinni og hvort fyrirtæki hafa raunhæfa möguleika á að vaxa.

Það er ekki nóg að stjórnvöld tali um mikilvægi landsbyggðarinnar þegar kemur að verðmætasköpun, ferðaþjónustu, auðlindum og atvinnulífi. Það þarf líka að endurspeglast í ákvörðunum þeirra.

Landsbyggðin þarf ekki forréttindi. Hún þarf sanngjörn skilyrði, raunverulegt svigrúm til uppbyggingar og virðingu fyrir þeim sem þar búa og starfa.

Það er ekki hægt að ætlast til þess að landsbyggðin skapi verðmætin ef hún fær ekki jafnframt raunverulegt tækifæri til að njóta þeirra og móta eigin framtíð.

Landsbyggðin er ekki jaðar höfuðborgarsvæðisins. Landsbyggðin er undirstaða velmegunar samfélagsins sem við viljum búa í.

Spurningin er hvort þeir sem fara með völd og ákvarðanir séu tilbúnir að viðurkenna það í verki en ekki aðeins í orði.





NÝTT UPPHAF Á HÖFN

Greinarhöfundur: Vaka Sif Tjörvadóttir

Fyrir fimm og hálfu ári fluttu grísku hjónin Ilektra Mitsopoulou, kölluð Elektra og George Tsafarakis til Íslands. Þau hófu Íslandsævintýrið sitt í Vík í Mýrdal en hafa undanfarin ár búið í Reykjavík. Nú liggur leiðin austur á Höfn, þar sem Elektra tekur við starfi verslunarstjóra nýrrar Krónuverslunar.

Elektra segir dvölina í Vík hafa kennt sér að meta lífið í litlu samfélagi. „Ég áttaði mig á því hvað ég hef saknað þess að tilheyra litlu samfélagi eins og þegar við bjuggum í Vík. Ég hlakka mjög mikið til þess."

Elektra segir að þeim hafi reynst erfitt að sjá fyrir sér framtíðina í Grikklandi, þar sem laun séu lág miðað við framfærslukostnað og tækifæri til að byggja upp gott líf geti verið takmörkuð. Hugmyndin um að flytja til Íslands kviknaði þegar ættingi George, sem starfaði hjá Krónunni í Vík, sagði þeim frá góðum starfsaðstæðum og lífsgæðum hér á landi.

„Það vakti áhuga okkar og við fórum að ræða alvarlega um að flytja til Íslands. Að lokum ákváðum við að láta slag standa og sjá hvert ævintýrið myndi leiða okkur."

Aðspurð hvað þeim þyki best við að búa á Íslandi nefnir Elektra góðar starfsaðstæður, jafnvægið í daglegu lífi og að þurfa ekki að búa við stöðugt álag. Þau kunni vel að meta að finna að framlag þeirra skipti máli og að geta sinnt starfinu af áhuga og metnaði.



Elektra og George á Jökulsárlóni

AFTUR SAMAN Í VINNUNNI

Hjónin byrjuðu bæði sem almennir starfsmenn hjá Krónunni í Vík og sinntu þar fjölbreyttum verkefnum. Elektra varð síðar vaktstjóri og eftir flutningana til Reykjavíkur árið 2023 störfuðu þau bæði sem vaktstjórar, en í sitt hvorri versluninni. Hún varð aðstoðarverslunarstjóri árið 2025 og hefur síðan starfað í Krónunni í Mosfellsbæ.



Elektra er verslunarstjóri í Krónunni

Á Höfn munu þau vinna saman á ný eftir þriggja ára hlé. Elektra segir þau hafa haft gaman af samstarfinu í Vík.

„Við höfum ólíka styrkleika og vitum bæði hvað hitt getur lagt til verkefnisins. Mér finnst við ná mjög vel saman í vinnunni og að við getum bætt hvort annað upp."

Þótt henni líði vel í Reykjavík sé spennandi að fá tækifæri til að taka við nýrri verslun og leiða uppbyggingu hennar frá upphafi.

SAKNAR ÞESS AÐ TILHEYRA LITLU SAMFÉLAGI

Höfn er ekki alveg ókunnugur staður fyrir hjónin. Þau komu fyrst til bæjarins árið 2019 þegar þau voru á ferðalagi um Ísland. Þá stoppuðu þau stutt, fengu sér humar á veitingastað og héldu ferðinni áfram.

Þau heimsóttu bæinn aftur nýlega til að skoða nýju verslunina. Elektra segir að henni hafi strax fundist Höfn hlýlegur og vinalegur staður.

> Ég áttaði mig líka á því hvað ég hef saknað þess að tilheyra litlu samfélagi eins og þegar við bjuggum í Vík. Ég hlakka mjög mikið til þess.

Utan vinnunnar hefur Elektra gaman af ferðalögum, hreyfingu og ljósmyndun. Henni þykir skemmtilegt að uppgötva nýja staði og kynnast ólíkum menningarheimum. Hjónin reyna líka að

gefa sér tíma fyrir stefnumót og notalegar stundir saman, en kunna ekki síður að meta kvöld heima með köttunum, góðum mat og kvikmynd.

BOSSI OG BAMBUS MEÐ Í FÖR

Með hjónunum til Hafnar verða kettirnir Bossi og Bambus, sem þau ættleiddu nýlega frá Kattholti. Elektra hefur alist upp með dýrum og segir heimilið ekki alveg vera heimili án þeirra.

Þau misstu fyrri köttinn sinn undir lok árs 2024 og þurftu þau tíma áður en þau voru tilbúin að ættleiða aftur. Þegar flutningarnir á Höfn voru ákveðnir fóru þau að hugsa um það sem nýtt upphaf. Þannig komu Bossi og Bambus inn í líf þeirra.

Elektra segist helst hafa áhyggjur af bílferðinni austur með kettina en telur að þeim eigi eftir að líða vel þegar komið verður á nýja heimilið.

Það sem hún hlakkar mest til við flutningana er að verða aftur hluti af litlu samfélagi.

„Mér finnst dýrmætt að búa á stað þar sem maður fær tækifæri til að kynnast fólki, byggja upp tengsl og finna að maður tilheyri samfélaginu.“



HVAÐ GERÐIR ÞÚ Í VETRARFRÍINU?

Aðsend grein: Bjarni Haukur Bjarnason

Nú þegar vetrarfríi grunnskólans er lokið, getur maður ekki annað en staldrað við og hugsað til baka hver tilgangur þessara daga er?



Öll vitum við að hinn eiginlegi tilgangur með vetrarfríunum var að hvíla börnin frá náminu og er það vel. En þá vakna upp spurningar með lengd þessara fría og tímasetningu?

Nú er svo komið að vetrarfríið í Grunnskóla Hornafjarðar var öllu klínt á sömu vikuna núna í lok október, og þar af leiðandi verða þarna fjórir samliggjandi frídagar. Foreldraviðtalsdegi var einnig bætt við í þessari sömu viku og var þá engin kennsla orðin í heila viku. Þetta gerði þá níu heila daga að helgunum meðtöldum.

Þetta vetrarfrí hafði einnig áhrif á aðra starfsemi samfélagsins okkar, eins og frístundir/íþróttaæfingar féllu niður ásamt því að sérstakir skráningardagar voru settir á í leikskólanum, þá með tilheyrandi kostnaði fyrir barnafjölskyldur sem þurftu að nýta sér þá.

Það vill svo til að við búum í sveitarfélagi sem er með fjölbreytta atvinnustarfsemi og oft á tíðum langar vegalengdir á milli staða. Með það að leiðarljósi, finnst mér að skólayfirvöld megi vanda sig betur í gerð skóladagatals og taka tillit til annarra atvinnugreina við gerð þess.

Í fjölbreyttu samfélagi eru ólíkar fjölskyldur og fólk sem hefur ekki sömu tækifæri, t.d. geta ekki allir fengið eða tekið frí úr vinnu til þess að vera heima með börnum á þessum frídögum. Hvað þá skroppið til útlanda eða einhverjar aðrar ferðir. Meira að segja hafa sumir ekkert bakland til þess að halla sér að og jafnvel sökum vinnu er þetta nær ómögulegt að hafa börnin heima í þetta langan tíma, hvað þá svona stuttu eftir að skólinn byrjaði, sem var í lok ágúst.

Það getur verið erfitt að þurfa að ræða við börnin um það afhverju bekkjarfélagar fá að gera eitthvað skemmtilegt eða fara með foreldrum í ferðalag á meðan aðrir hafa ekki tök á því að nýta sér það. Vetrarfríið er orðið jafn langt og páskafríið eins og það var sett upp núna, og er það sumum börnum frekar erfitt. Meðan einu barninu finnst þetta alltof langur tími frá skóla finnst öðru því kannski erfitt að byrja aftur í skólanum eftir fríið. Börnin vilja og þurfa rútínu, með því að slíta þau svona úr henni er tilgangurinn með vetrarfríinu farinn. Er kannski þetta vetrarfrí gert fyrir einhverja aðra en börnin?

Ég vil hér með brýna fyrir skólayfirvöldum að taka þessi vetrarfrí til gagngerrar endurskoðunar.

Greinarhöfundur er þriggja barna faðir sem kom illa út úr síðasta vetrarfríi.

VIÐBURÐARDAGATAL
HVAÐ ER UM AÐ VERA?

NÓVEMBER

Fimmtudagur 19. nóvember
19:30 Félagsvist Félags eldri Hornfirðinga í Ekru - annað kvöld af þremur, aðgangseyrir 1.500 kr

Föstudagur 20. nóvember
13:00 Gönguferð eldri borgara í Svínafelli til kl. 14:00. Bílum lagt við samkomusvæðið við Hálsasker
19:00 Bónusdeild karla, Sindri - Njarðvík í Icelagoonhöllinni
21:00 Karlakvöld á Verbúðarbarnum til kl. 23:00. Vörur frá Chad grooming til sölu, rakari á staðnum og bjórkynning

Laugardagur 21. nóvember
11:00 Loppumarkaður umhverfisnefndar Grunnskóla Hornafjarðar á Hafinu til kl. 15:00. Ágóði af borðaleigu rennur til UNICEF til stuðnings íbúum á Gaza
21:00 Söngleikjasprengja Leikfélags Hornafjarðar í Sindrabæ. Húsið opnar kl. 20:00, opinn hljóðnemi kl. 22:00–00:00. 18 ára aldurstakmark

Sunnudagur 22. nóvember
11:00 Urban Sketchers hittast og teikna saman í Ljósdís bakarí
11:00 Sunnudagaskóli í Hafnarkirkju
14:00 Hátíðarmessa í Bjarnaneskirkju í tilefni 50 ára vígsluafmælis

Þriðjudagur 24. nóvember
19:30 Bæjarmálafundur í Sjallanum (ath. breytt tímasetning)

Miðvikudagur 25. nóvember
09:00 Ráðstefna á Hala um mikilvægi sjálfbærni til kl. 14:00. Skráning nauðsynleg info@glacieradventure.is
15:00 Bókaklúbbur á bókasafninu til kl. 16:00
18:00 Vetrarhlaup Hlaupahóps Hornafjarðar. Hlaupið er 5 km og hefst við Sundlaug Hafnar

Fimmtudagur 26. nóvember
17:00 Myndasýning og spjall fyrir eldri borgara í Hofgarði til kl. 19:00
17:00 Ljósaganga Krabbameinsfélags Suðausturlands í Almannaskarði, þátttökugjald 500 krónur, takið með ljós
19:00 Kótilettukvöld kynslóðanna í Nýheimum á vegum FAS. Húsið opnar kl. 18:00. Verð 5.999 kr. Miðasala hjá nemendum FAS og forpantanir á gudjon@fas.is
19:30 Félagsvist Félags eldri Hornfirðinga í Ekru — þriðja kvöld af þremur, aðgangseyrir 1.500 kr
19:30 Smátré-Gunnars — skreytingarkvöld á Verbúðarbarnum til kl. 21:30. Verð 4.900 kr. Skráning á hofn@icehotels.is
19:30 Kynningarfundur vegna fjárhagsáætlunar 2027–2030 í Hofgarði í Öræfum

Föstudagur 27. nóvember
Skilafrestur efnis og auglýsinga í Eystrahorn sem kemur út 3. desember
12:00 Kynningarfundur vegna fjárhagsáætlunar 2027–2030 í Nýheimum

Laugardagur 28. nóvember
14:00 Aðventuhátíð sveitarfélagsins
17:00 Ljósin tendruð á jólatré bæjarins á miðsvæði

Sunnudagur 29. nóvember
11:00 Jólaball Hafnarkirkju
13:00 Gönguferð eldri borgara á Hofi til kl. 14:00. Bílum lagt við eystri Hofs-afleggjara, kaffi á Kaffi Vatnajökli á eftir
20:00 Aðventustund og kaffiveitingar í Bjarnaneskirkju

Mánudagur 30. nóvember
13:00 Samverustund með eldri borgurum í Hafnarkirkju

Fimmtudagur 3. desember
11. tölublað Eystrahorns kemur út
17:30 „Jólagestir Bjargar", jólatónleikar söngnemenda Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu til heiðurs Björgvini Halldórssyni í Sindrabæ. Frítt inn, allir velkomnir
19:30 Íbúafundur um nýjan miðbæ og íbúakosningu á Hafinu (gamla Kartöfluhúsinu)

FASTIR LIÐIR

Mánudagar
10:00 Gönguferðir Félags eldri Hornfirðinga frá Ekru

Þriðjudagar
10:30 Krílakaffi á bókasafninu til kl. 12:00
15:00 Opið hús í Fab Lab í Vöruhúsinu til kl. 19:00
16:30 Æfing hjá Hlaupahópi Hornafjarðar - breytilegur upphafsstaður
17:00 Æfing Gleðigjafa í sal Ekru. Fleira söngfólk velkomið

Miðvikudagar
10:00 Gönguferðir Félags eldri Hornfirðinga frá Ekru
13:00 Prjónakaffi á bókasafninu til kl. 15:00
13:00 Handavinnuhorn í Ekrusal
20:50 Badminton fyrir 16 ára+ í íþróttahúsinu á Höfn

Fimmtudagar
13:30 Hreyfing í vatni hjá eldri borgurum í Sundlaug Hafnar
15:00 Opið hús í Fab Lab í Vöruhúsinu til kl. 19:00
16:00 Opið í Fló fatamarkaði til kl. 18:00
16:30 Opið í Hirðingjunum til kl. 18:30

Föstudagar
13:00 Kínaskák í Ekru. Leiðbeiningar á staðnum

Laugardagar
13:00 Prjónakaffi á Hótel Berjaya til kl. 15:00

Sunnudagar
10:00 Badminton fyrir 16 ára+ í íþróttahúsinu á Höfn
13:00 Samkoma í Hvítasunnukirkjunni á Höfn
14:00 Bridgefélag Hornafjarðar spilar bridge í Ekru.



FÉLAGSAUÐUR TIL FRAMTÍÐAR

Aðsend grein: Eirný Val, formaður Félags eldri Hornfirðinga



Einhverjum finnst kannski fyrirsögnin kátleg, skrifuð af formanni Félags eldri Hornfirðinga (FeH) um eldra fólk. Allir Hornfirðingar 60 ára og eldri geta verið félagar í FeH. Sá sem nær sextugs aldri getur reiknað með að eiga fjórðung ævinnar eftir, oftast við góða heilsu og öruggan fjárhag. Fólk fer smátt og smátt að huga að starfslokum og við það opnast dyr inn í félagslíf og hagsmunamál þeirra sem eldri eru. Þið ykkar sem hafa náð aldri en ekki hafa gengið í félagið eða þekkið ekki til þess eruð velkomin í Ekru, félagsaðstöðu eldri Hornfirðinga. Þar er alltaf fólk sem er tilbúið að spjalla og miðla fróðleik. Einnig eru reglulegar auglýsingar í Eystrahorni og opnir fundir. Þá heldur félagið úti Facebook síðu fyrir félagsmenn.

Alveg eins og við teljum börn og ungt fólk fjöregg hverrar byggðar þá er eldra fólk nálægt því að vera kjölfestan, það sem heldur samfélaginu á réttum kili. Þegar minnst er á heilbrigðismál og lýðfræðilega samsetningu þjóðarinnar þá sveima orðin fráflæði, aðflæði, vandi, byrði og baggi um og yfir og allt í kring. Stundum er tæpt á kostnaði. Um leið og við hreykjum okkur af því að vera langlíf þá stynur excelgerðarfólk undan því sama. Það eru of margir sem líta framhjá því sem félagsfært, lífsreynt eldra fólk gefur samfélagi. Sjáið allar útsvarstekjurnar, fasteignaskattana og tekjuskattinn sem við greiðum. Við erum öflugir þátttakendur í lífinu oft með þroskaðar skoðanir. Hugsið ykkur bara allt sem við höfum reynt, við sem ýttum úr vör tæknivæddu samfélagi nútímans. Við sem höfum tekið þátt í hraðri þróun tækninnar og munum fundi sem byrjuðu á réttum tíma (engin vandamál með tölvutengingar) og hljóðkerfi sem bæði var hægt að flytja tónlist og söng í á sama tíma.

Tónlist, söngur og hljóðkerfi! Það leiðir hugann beint að spennandi mánuðum framundan. Í sumar var Ekrusalur, eldhús og snyrtingar endurbætt. Á næsta ári verða gerðar endurbætur á félagsaðstöðu FeH, það er austurenda neðstu hæðar Ekru. Þegar þið lítið við í Ekru þá er ekki úr vegi að ganga um og velta fyrir sér hvernig starfsemi væri hægt að hafa þar. Hvað sjáið þið fyrir ykkur til framtíðar? Nú er verið að vinna að hönnun svo hægt verði að leita tilboða með vorinu. Auðvitað er það ekki stjórn FeH sem stendur ein fyrir þessu heldur leiðir Sveitarfélagið Hornafjörður verkið. Í gildi er samningur milli sveitarfélagsins og FeH þar sem félagið tekur að sér að reka félagsstarf fyrir alla eldri hvort sem þeir eru félagsmenn eða ekki. Í núgildandi samningi er grein um að aðilar vinni sameiginlega að því að bæta aðstöðuna í Ekru en sveitarfélagið ber kostnaðinn.

Eftir áramót, líklega í febrúar, verður boðað til fundar þar sem tillögur og teikningar verða kynntar og félagsfólki boðið að gera athugasemdir. Reyndar tekur stjórn þakklát við ábendingum nú þegar. Frumhönnun hefur verið kynnt á í það minnsta þremur fundum undanfarin tvö ár en er nú að færast af hugmyndavinnu í aðgerðir.

Bráðlega hefst vinna við endurskoðun deiliskipulags á svæðinu við Víkurbraut 24-30 og nærliggjandi reiti. Félag eldri Hornfirðinga hefur tilnefnt fulltrúa í vinnuhóp í þessu viðamikla verkefni sem snertir marga ólíka hagsmunaaðila. Við hlökkum til að taka þátt í vinnunni sem er skýrt dæmi um heildræna nálgun í framtíðarsýn um málefni sem varða félagsmenn.

Í öllu starfi og umgjörð í og við Ekru sést og heyrist að hér hefur verið og er vilji til að nýta og byggja undir virkni og auð þann sem býr í eldri Hornfirðingum. Í þessum pistli er ekki við hæfi að ræða samning sem sveitarfélagið gerði um virkni og þjónustu í Öræfum þar sem FeH er ekki aðili að honum. Við getum ekki annað en lýst ánægju með þann samning og greinum möguleika á að miðla þekkingu og félagsskap. Allt er þetta hornsteinar öflugs samfélags til framtíðar.

Að lokum er við hæfi að benda á að þeir sem eru í stjórn félaga eldra fólks heyra oft minnst á Tryggingastofnun, tekjuáætlanir og skuld sem myndast. Tryggingastofnun leggur áherslu á að mikilvægt er að tekjuáætlun sé eins nákvæm og hægt er. Til að uppfærð tekjuáætlun taki gildi í næsta mánuði þarf að breyta tekjuáætlun fyrir 15. hvers mánaðar. Takið eftir, það má breyta tekjuáætlun hvenær sem er. Einnig er bent á að vanáætlun fjármagnstekna er aðalástæða þess að skuld myndast. Það bendir margt til þess að það er skynsamlegt að skoða vel vaxtatekjur áður en tekjuáætlun er skilað.



Eldri Hornfirðingar á göngu í Óslandi

Um og eftir miðjan janúar hefst venjubundið starf eftir jólafrí. Þá styttist í þorrablót og venjan er að spila Hornafjarðarmanna auk alls þessa sem við gerum svo sem boccia, snóker, spil og göngur auk hreyfingar í vatni.

Framundan er félagsvist 19. og 26. nóvember, desember samvera á Hótel Höfn að kvöldi 4. desember. Það er ekki of seint að skrá sig, sjá auglýsingu í 9. tbl. Eystrahorns, auk þess að kínaskák er spiluð eftir hádegi á föstudögum. Þessi upptalning er að öllu hinu ólöstuðu.

Í stjórn FeH starfsárið 2026-2027 eru

Eirný B. Vals formaður, Reynir Gunnarsson gjaldkeri, Hulda Laxdal Hauksdóttir ritari, Ari Jónsson og Sverrir Þórhallsson meðstjórnendur og Bjarney Pálína Benediktsdóttir og Guðbjartur Össurarson varamenn

MIKLAR BREYTINGAR Á SKIPULAGI EFTIR SAMRÁÐ VIÐ ÍBÚA OG HAGSMUNAAÐILA

Aðsend grein: Friðjón Sigurðarson, framkvæmdastjóri þróunar, fyrir hönd Landsbyggðar.



Þegar við hjá Landsbyggð kynntum fyrstu hugmyndir okkar að nýju deiliskipulagi fyrir miðbæ Hafnar í vor fengum við fjölmargar ábendingar. Sumar komu fram á íbúafundinum sjálfum, aðrar í samtölum við íbúa, rekstraraðila og fleiri sem þekkja svæðið vel. Þær hafa haft bein áhrif á tillöguna. Það sést meðal annars á því hvernig við höfum minnkað umfang byggðar við Hepputorg, endurhugsað Bárubyggð og unnið hönnun hótelsins áfram.

NÝTT BÆJARTORG Á HEPPUHÆÐ

Hepputorg þarf að rúma bæjarhátíð og samt vera nógu afmarkað til að þar sé notalegt á venjulegum degi á Höfn. Við höfum því minnkað umfang byggðar á Heppusvæðinu og lagað stærð torgsins betur að bænum. Fjögur hús ramma torgið inn, með verslun og veitingastöðum á jarðhæð og íbúðum á efri hæðum. Þannig verður torgið hluti af daglegu lífi í miðbænum.





SJALDAN ER EIN BÁRAN STÖK

Bárubyggð er vinnuheiti á fyrirhuguðu íbúðahverfi milli íþróttahússins Bárunnar og miðbæjarins. Þar höfum við endurskoðað skipulagið frá grunni að stórum hluta og tengt hverfið betur við íþróttasvæðið og þá innviði sem þegar eru til staðar. Tillagan gerir ráð fyrir um 70-80 íbúðum af ýmsum stærðum og gerðum í skjólgóðu og barnvænu umhverfi.



HÓTEL SEM TEKUR MIÐ AF STAÐARANDA

Við höfum líka unnið áfram með útlit og umfang hótelsins sunnan við höfnina. Í tillögunni skiptist hótelið í röð húsa með ólíkum þakformum og litum. Með því að brjóta byggðina upp á þennan hátt fellur hótelið betur að umhverfi sínu og útsýnið yfir höfnina, til Leiðarhöfða og jöklanna, helst opið.

Gert er ráð fyrir allt að 120 herbergjum. Við teljum að hótelið geti orðið mikilvægt kennileiti við höfnina og styrkt rekstrargrundvöll verslunar og þjónustu í miðbænum allt árið.

ÍBÚAR EIGA AÐ HAFA SITT AÐ SEGJA

Þegar skipulag hefur jafn víðtæk áhrif á ásýnd bæjarins og daglegt líf til framtíðar finnst okkur eðlilegt að íbúar fái að greiða atkvæði um það. Við höfum reynslu af slíku á Selfossi, þar sem kosið var um nýjan miðbæ árið 2018 í samstarfi við Sveitarfélagið Árborg. Þar tóku um 55% þátt. Sú reynsla sýndi okkur hvað það skiptir miklu að gefa fólki tækifæri til að kynna sér tillöguna, ræða hana og taka afstöðu.

Við erum að leggja lokahönd á kynningarefnið og munum kynna tillöguna nánar á næstu dögum og vikum, m.a. á opnum íbúafundi. Fyrir hönd Landsbyggðar vil ég þakka fyrir gott samstarf við bæjaryfirvöld til þessa og öllum sem hafa gefið sér tíma til að koma ábendingum á framfæri. Ég hvet íbúa til að kynna sér tillöguna og taka þátt í kosningunni.

Nánari upplýsingar verður að finna á *midbaerhofn.is*.



HREYFINGAR MÆLAST Á SVÍNAFELLSHEIÐI

Greinarhöfundur: Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir

Í haust mældust í Svínafellsheiði ofan við Svínafellsjökul í Öræfum fyrstu marktæku hreyfingarnar frá því að vöktun hófst þar árið 2018. Að mati Veðurstofu Íslands er hætta í byggð lítil að svo stöddu. Ef skriður féllu úr hlíðinni yrði þó mikil hætta á jöklinum.

Hreyfingar hafa mælst í hlíðinni frá 23. september. Þann 4. nóvember greindi Veðurstofan frá því að hægt hefði á hreyfingunum dagana á undan. Þegar litið er yfir síðustu vikur hafa þær verið fremur jafnar. Stundum hefur orðið stutt hlé og á köflum hafa hreyfingarnar aukist, hugsanlega í tengslum við úrkomu.

Þvert yfir hlíðina liggur um 1,7 kílómetra langt sprungukerfi. Starfsmenn ofanflóðavaktar Veðurstofunnar fóru um sprungusvæðið 12. nóvember, mældu fasta mælipunkta og gerðu mælingar með dróna. Þeir yfirfóru jafnframt mælibúnaðinn á heiðinni. Veðurstofan fylgist með hlíðinni í samvinnu við Háskóla Íslands.

Óvíst er hvernig hreyfingarnar þróast. Þær gætu fjarað út eins og gerðist eftir að sprungurnar opnuðust á sínum tíma. Haldi þær áfram gætu hlutar hlíðarinnar fallið niður á jökulinn eða stærra berghlaup orðið. Samkvæmt hættumati Veðurstofunnar frá 2025

Yfirlitskort af Svínafellsheiði. Rauða línan sýnir legu meginsprungunnar í hlíðinni. Merktar eru staðsetningar GPS-stöðva, togmæla og fastpunkta sem notaðir eru til að fylgjast með hreyfingum á svæðinu. Kort: gottvedur.is.



er líklegast að berghlaup stöðvist á jöklinum. Þó er ekki hægt að útiloka að það nái í lónið við jökulsporðinn og valdi flóði sem gæti ógnað svæðum neðan jökulsins.

Hægt er að fylgjast með þróun mála á Svínafellsheiði á vef Veðurstofu Íslands, www.gottvedur.is/vaktin.

ÍBÚAKOSNING

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

Bæjarstjórn Hornafjarðar hefur tekið ákvörðun um að efna til ráðgefandi íbúakosningu frá og með 5. desember 2026 til og með 15. desember 2026 um fyrirhugaðan samning Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Landsbyggðar hf., dags. 31. október 2026.

Kosningarétt hafa íbúar sveitarfélagsins. Kosningaaldur miðast við 16 ár á lokadegi atkvæðagreiðslunnar, 15. desember 2026.

Atkvæðagreiðslan fer fram á kjörstað. Ekki verður boðið upp á atkvæðagreiðslu með pósti.

Sveitarfélaginu verður skipt í tvær kjördeildir:
- Kjördeild I: Kjósendur með lögheimili í póstnúmerum 780 og 781
- Kjördeild II: Kjósendur með lögheimili í póstnúmeri 785

Kjörstaður beggja kjördeilda verður í ráðhúsinu á Höfn, að frátöldum laugardeginum 5. desember 2026 þegar kjörstaður kjördeildar II verður í Hofgarði í Öræfum, kl. 09:00–15:00. Á þeim tíma verður kjördeild II ekki opin í ráðhúsinu.
Atkvæðagreiðsla fer fram daglega kl. 09:00–15:00, alla daga kosningatímabilsins, þar með talið laugardaga og sunnudaga.

Yfirkjörstjórn og bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar

www.hornafjordur.is

TÍNDU 7 TONN AF RUSLI Í STRANDHREINSUN

Greinarhöfundur: Helga Árnadóttir, foreldri og sjálfboðaliði

Umhverfis- og orkustofnun auglýsti í vor eftir umsóknum félagasamtaka eða áhugamannafélaga um styrki til hreinsunar á strandlengju Íslands. Styrkirnir eru veittir á grundvelli aðgerðaráætlunar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í plastmálefnum, Úr viðjum plastsins



Tveir hópar frá Höfn lögðu inn umsókn og hlutu styrki; Legóhópur Grunnskóla Hornafjarðar og fjáröflunarhópur fótboltakrakka hjá Ungmennafélaginu Sindra.

AUSTURFJÖRUR:

Fótboltakrakkarnir, árgangar 2012 og 2013, fóru sunnudaginn 27. september út á Austurfjörur sem er um 10 km fjara austan við Höfn í Hornafirði, milli Hornafjarðaróss og Stokksness. Foreldrar og aðstoðarfólk fylgdi með, græjuð fjölnotaruslapokum, jeppum og kerrum og einum buggy bíl. Alls taldi hópurinn 37 manns. Á fjörunum var hópnum skipt í tvennt: Helmingurinn fór út að Hornafjarðarós og hinn helmingurinn byrjaði vestan við Langasand. Hugmyndin var að mætast svo á miðri leið. Góð hugmynd - en það var bara svo mikið af





Nokkrar myndir frá hreinsun í Austurfjörum. Heill gámur var fylltur af rusli úr fjörunni



Kort af Austurfjörum. Rauðu og fjólubláu línurnar eru ferlar úr tveimur Garmin úrum þátttakenda í hreinsuninni.



Kort af Suðurfjörum. Gengnir voru um 7 km, græna línan sýnir gróflega hvaða hluti fjörunnar var genginn.

rusli í fjörunni að hóparnir náðu ekki saman í lok dags! Fjaran er um 9-10 km á lengd í beinni línu og hópurinn náði að fara alls um 5 km. Alls safnaðist 5,2 tonn af rusli! Mest áberandi var rusl úr sjávarútvegi, eins og netadræsur. En einnig var mikið af alls konar plasti og járnarusli. Ekki er vitað til að áður hafi verið farið í hreinsunarátak í Austurfjörum og augljóst eftir þennan dag að þörf er að fara aftur.

SUÐURFJÖRUR:

Legóhópurinn, sem samanstendur af nemendum úr 8.-10.bekk, fór sunnudaginn 4. október út á Suðurfjörur, sem er um 14 km strandlengja vestan við Höfn, frá Hólmsárósi austur að Hornafjarðarósi. Liðsstyrkur foreldra og aðstoðarfólks skipti legóhópinn öllu máli, eins og hjá fótboltakrökkunum. Fjölnotaruslapokar, jeppar og kerrur voru með í för og einnig var lögð fram dráttarvél í verkið! Alls tóku 35 manns þátt. Hópurinn byrjaði allur við Hólmsárós og fór um það bil 8 km í vestur. Alls söfnuðust 2160 kg af óflokkanlegu rusli. Þess utan tók sjávarútvegsfyrirtækið Skinney-Þinganes við álíka magni af sorpi tengdum sjávarútvegi. Fyrir nokkrum árum var farið í hreinsunarátak í Suðurfjörum. Tilfinning þátttakenda var að það væri ekki mjög mikið rusl í þeim hluta fjörunnar sem farið var núna þannig átakið um árið stendur enn fyrir sínu þó vissulega berst enn rusl að landi. Austasta hluta fjörunnar þarf að skoða betur. Sem fyrr er enn mikið af rusli úr sjávarútvegi í fjörunni.

Sveitarfélagið Hornafjörður styrkti báðar hreinsanir með því að taka við ruslinu og farga. Funi sorphreinsun lagði til gáma og flutning á þeim. Skinney-Þinganes tók við úrgangi frá sjávarútvegi. Öllum aðilum þökkum við kærlega fyrir veittan stuðning.



Mynd frá Suðurfjörum. Á myndina vantar nokkra þátttakendur sem komust ekki í fjöruna fyrr en eftir sunnudagsmessu nokkurra verðandi fermingarbarna.

Markmiðin með svona styrkjum er að strandlengja Íslands verði hreinsuð með skipulögðum hætti, hreinsuðum ströndum verði haldið við, aukið við vitundarvakningu hjá almenningi um mikilvægi strandhreinsana og áhugasamir aðilar virkjaðir til þátttöku í átaki um hreinsun strandlengjunnar.

Við foreldrarnir sem styðjum börnin í þessum verkefnum getum ekki annað en verið stolt af framlagi ungmennanna okkar í átt að hreinni strandlengju Íslands!



HAFNARBÚÐIN DINER EST 1982

Skinney - Þinganes hf

JÓLAGESTIR BJARGAR

Aðsend grein: Björg Catherine Blöndal

Jólatónleikar söngnemenda Tónskóla Austur-Skaftafellssýslu til heiðurs Björgvini Halldórssyni.



Á þessu ári höfum við misst nokkra af dáðustu tónlistarmönnum Íslands. Magnús Eiríksson lést í janúar, Björgvin Halldórsson í apríl og Megas og Gunnar Þórðarson létust báðir í júlí. Þessir tónlistarmenn skilja eftir sig ógrynni af lögum og textum sem óma sterkt í þjóðarsálinni og við þurfum að varðveita.

Í lok vorannar 2026 héldum við stórtónleika í Sindrabæ til heiðurs Magnúsi Eiríkssyni, þar sem 30 söngvarar komu fram og sungu lög Magga ásamt hljómsveit kennara Tónskólans. Mæting fór fram úr okkar björtustu vonum og höfum við ákveðið að endurtaka leikinn. Að þessu sinni klæðum við okkur í jólabúninginn og ætlum að halda jólatónleika með svipuðu sniði. Á jólatónleikunum heiðrum við minningu Björgvins Halldórssonar og tökum lög sem hafa verið flutt á þekktu jólatónleikaseríunni hans, Jólagestir Björgvins. Í ljósi þess að nöfn okkar Björgvins eru ekki ósvipuð, þá fannst okkur tilvalið að kalla tónleikana Jólagestir Bjargar.

Hverju má svo búast við á þessum tónleikum? Yfir 30 söngnemendur á öllum aldri koma saman og syngja inn jólaandann ásamt hljómsveit kennara.

Jólagestir Bjargar verða haldnir fimmtudaginn 3.desember klukkan 17:30 í Sindrabæ. Frítt er inn á tónleikana og eru allir velkomnir, svo lengi sem pláss leyfir.

Hlökkum til að sjá ykkur!

Björg tók viðtöl við nokkra söngnemendur:

Erla María Pálmadóttir og Freyja Mey Phatraphi Pálmadóttir, 3. bekk. Tereza Tintor, 4. bekk og Katla Eldey Þorgrímsdóttir, 8.bekk



Nemendur í 7. bekk í söngtíma



Katla og Tereza



Freyja og Erla

Hvað er uppáhalds lagið þitt að syngja?

Erla María: Snæfinnur Snjókarl

Freyja Mey: Svona þúsund lög, ef ég á að velja eitt þá vel ég "One Last Time" eða "No tears left to cry" með Ariana Grande

Tereza: Eitt lag sem við erum að æfa í söng, Geimferðalangur

Katla Eldey: Einskonar ást

Hvað er uppáhalds söngkonan/ söngvarinn/hljómsveitin þín?

Erla María: Ég veit það ekki. Pabbi setur stundum á eitt lag sem er skemmtilegt en erfitt að segja (í ljós kom svo að þetta var hljómsveitin The Ruts)

Freyja Mey: Ariana Grande

Tereza: Magnús Eiríksson, því hann býr til mörg skemmtileg lög

Katla Eldey: Lana del Rey

Ætlar þú að fara í kór þegar þú verður eldri?

Erla María: Kannski, mig langar að prófa það

Freyja Mey: Ég veit það ekki alveg, örugglega ef við Erla yrðum í sama kór

Tereza: Ég veit það ekki

Katla Eldey: Ég er í kór, Samkór Hornafjarðar

Hvaða lag munt þú syngja á Jólagestum Bjargar?

Erla María: Snæfinnur Snjókarl og Svona eru jólin

Freyja Mey: Snæfinnur Snjókarl og Svona eru jólin

Tereza: Ég hlakka svo til og Svona eru jólin

Katla Eldey: Eitt sinn rétt fyrir jólin og Svona eru jólin

Hvað er uppáhalds textabrotið þitt úr laginu sem þú ætlar að syngja á tónleikunum?

Erla María: "Gekk í gömlum skóm"

Freyja Mey: "En galdrar voru geymdir"

Tereza: Uppáhaldið mitt er hvernig þau segja "Ég hlakka svo til"

Katla Eldey: "Stíga fætur stoltan dans á ströndu draumalands"

Spilar þú á eitthvað hljóðfæri, ef ekki hvaða hljóðfæri myndiru vilja spila á?

Erla María: Já, þverflautu

Freyja Mey: Ég myndi vilja spila á hljómborð, ég verð bara að bíða þangað til það er laust að fara að æfa

Tereza: Gítar og bassa

Katla Eldey: Ég hef spilað á básúnu, ukulele og slagverkshljóðfæri í lúðrasveit, en ef ég mætti velja þá væri gaman að læra á fiðlu

Hvað er uppáhalds jólalagið þitt?

Erla María: Snjókorn falla

Freyja Mey: Jólasveinar ganga um gólf

Tereza: Úúú, góð spurning, öll!

Katla Eldey: Last Christmas með Wham

Í hvaða mánuði byrjar þú að hlusta á jólalög?

Erla María: Ég veit ekki hvort ég er byrjuð að hlusta á þau, en ég er allavega byrjuð að syngja þau, kannski þegar desember er kominn.

Freyja Mey: Ég veit það ekki, en ég er búin að hlusta á eitt lag sem er Snæfinnur Snjórkarl.



Nemendur í 5. bekk í söngtíma

Tereza: Ég byrja alltaf að hlusta í nóvember eða desember, einhvers staðar þar á milli

Katla Eldey: Svona um miðjan nóvember.

Hver er uppáhalds jólasveinninn þinn?

Erla María: Stúfur og svo er það Skyrgámur því hann kemur á afmælinu mínu.

Freyja Mey: Mér finnst bara allir, ég veit ekki hvort það skyldi vera Stekkjastaur eða Hurðaskellir

Tereza: Stúfur

Katla Eldey: Stúfur

Hvað er það besta við jólin?

Erla María: Að opna pakkana og fá eftirrétt, ís og kökur.

Freyja Mey: Að opna pakkana og fá eftirrétt og fá kjöt í staðinn fyrir að fá slátur

Tereza: Besta við jólin er að vera með fjölskyldunni sinni

Katla Eldey: Að eyða tíma með fjölskyldunni og enginn skóli

KYNNINGARFUNDIR VEGNA FJÁRHAGSÁÆTLUNAR

Öræfi – Hofgarður
26. nóvember kl. 19:30
Dagskrá
1. Fjárhagsáætlun 2027-2030
2. Skólamál
3. Önnur mál

Höfn - Nýheimar
27. nóvember kl. 12:00
Dagskrá
1. Fjárhagsáætlun 2027-2030
2. Bygging íþróttahúss og aðrar framkvæmdir
3. Önnur mál

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR
www.hornafjordur.is



RAUÐAGYLLUM HEIMINN UPPRÆTUM OFBELDI!

Aðsend grein: Sigríður Kr. Gísladóttir

SAMÞYKKT. UNDIRRITAÐ. FRAMKVÆMT?



Á hverju ári, frá 25. nóvember til 10. desember, sameinast Soroptimistar um allan heim í 16 daga vitundarvakningu gegn kynbundnu ofbeldi undir yfirskriftinni Roðagyllum heiminn – Orange the World. Appelsínuguli liturinn táknar von um bjartari framtíð án ofbeldis og minnir okkur á að ofbeldi er ekki einkamál heldur samfélagslegt mein sem kemur okkur öllum við.

Soroptimistaklúbbur Austurlands hefur um árabil tekið þátt í átakinu með fræðslu og sýnilegri vitundarvakningu í nærsamfélaginu. Í ár viljum við leggja áherslu á að þekkja rauðu aðvörunarljósin um ofbeldi og minna á mikilvægi þess að samþykktum og skuldbindingum sé fylgt eftir með raunverulegum aðgerðum.

ÞEKKJUM RAUÐU LJÓSIN

Ofbeldi birtist í mörgum myndum. Það getur verið líkamlegt, andlegt, kynferðislegt, fjárhagslegt eða stafrænt. Stjórnsemi, einangrun, hótanir og stöðugt eftirlit geta verið fyrstu merki þess að eitthvað sé að.

Stafrænt ofbeldi er vaxandi áhyggjuefni. Það getur falist í því að fylgjast með síma eða tölvu annarrar manneskju, senda ógnandi skilaboð eða dreifa persónulegu og kynferðislegu myndefni án samþykkis. Með þróun gervigreindar hafa einnig skapast nýjar leiðir til að misnota og falsa myndefni.

Fræðsla og opin umræða eru mikilvægar forvarnir. Við þurfum að ræða við börn og ungmenni um heilbrigð samskipti, gagnkvæma virðingu, mörk og öryggi á netinu. Á vefnum 112.is má finna upplýsingar um birtingarmyndir ofbeldis og hvert hægt er að leita eftir aðstoð.

MANNRÉTTINDI ERU EKKI FORRÉTTINDI

Árið 2011 undirritaði Ísland Istanbúl-samninginn, samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi gagnvart konum og heimilisofbeldi. Hann var fullgiltur hér á landi árið 2018 og felur í sér lagalega bindandi skuldbindingar.

Samningurinn byggist á fjórum meginstoðum: forvörnum, vernd þolenda, saksókn og samræmdri stefnu stjórnvalda. Hann kveður meðal annars á um fræðslu og þjálfun fagfólks, aðgengi að viðeigandi aðstoð og vernd þolenda.

En samningur á pappír breytir litlu nema honum sé fylgt eftir í framkvæmd.

Í landsáætlun gegn kynbundnu ofbeldi gagnvart konum 2026–2030 eru skilgreindar 25 aðgerðir sem meðal annars snúa að fræðslu, þjónustu við þolendur, þjálfun fagfólks og bættri gagnaöflun. Samkvæmt fyrirliggjandi stöðuyfirliti eru flestar aðgerðirnar enn á byrjunarstigi.

Því þurfum við að spyrja: Er starfsfólk skóla, heilbrigðisþjónustu og lögreglu nægilega þjálfað til að þekkja ofbeldi? Er aðstoð aðgengileg öllum, óháð búsetu?

Þessar spurningar eiga sérstaklega erindi við okkur á landsbyggðinni, þar sem fjarlægðir og fámenn samfélög geta skapað auknar áskoranir. Rétturinn til öryggis og verndar á að vera sá sami, hvar sem við búum.

RAUÐAGYLLUM AUSTURLAND - TÖKUM HÖNDUM SAMAN

Við getum öll lagt okkar af mörkum. Foreldrar geta rætt við börn sín um heilbrigð samskipti og öryggi á netinu. Skólar, vinnustaðir og stofnanir geta stuðlað að fræðslu og skapað umhverfi þar sem ofbeldi og áreitni eru ekki liðin. Við getum hlustað, sýnt stuðning og hjálpað þeim sem þurfa aðstoð.

Ábyrgðin á ofbeldi liggur alltaf hjá þeim sem beitir því, aldrei hjá þolandanum.

Soroptimistaklúbbur Austurlands hvetur íbúa, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög til að taka þátt í 16 daga átakinu. Lýsum upp byggingar með appelsínugulu ljósi, skreytum umhverfi okkar og vekjum athygli á málstaðnum. Hver sýnileg aðgerð getur orðið tilefni að mikilvægu samtali.

En baráttunni lýkur ekki 10. desember. Hún þarf að halda áfram allt árið, á heimilum, í skólum, á vinnustöðum og hjá stjórnvöldum.

Mannréttindi eru ekki forréttindi. Öryggi, virðing og frelsi frá ofbeldi eru grundvallarréttindi allra.

Við skulum því ekki aðeins spyrja hvort alþjóðlegir samningar hafi verið samþykktir og undirritaðir, heldur einnig hvort staðið hafi verið við loforðin.

Samþykkt. Undirritað. Framkvæmt?
Segjum stopp – stöðvum ofbeldið!

Fyrir hönd Soroptimistaklúbbs Austurlands
Sigríður Kr. Gísladóttir



HÁTÍÐARSÚPUHUMAR OG FISKUR TIL SÖLU!

Skinney-Þinganes býður Hornfirðingum súpuhumar og fisk til sölu fyrir hátíðarnar.

Súpuhumar
5 kg kassi – 25.000 kr.

Fiskur

Þorskhnakkar (1 kg poki)	3.500 kr.
Þorskbitar (1 kg poki)	2.800 kr.

Síðasti dagur til að panta: 24. nóvember.

Afhending: miðvikudaginn 25. nóvember.

Pantanir: pantanir@sth.is eða í síma 470 8100.

Við pöntun þarf að gefa upp:
- Nafn
- Kennitölu
- Magn (súpuhumar og/eða fisk)

Greiðsla fer fram með reikningi í heimabanka.

Takmarkað magn í boði.

SKINNEY-ÞINGANES



Starfsmaður í mötuneyti

Skinney-Þinganes hf. óskar eftir að ráða starfsmann í mötuneyti félagsins á Höfn.

Starfið felst í aðstoð við matseld, undirbúningi máltíða, frágangi og almennum eldhússtörfum.

Vinnutími: kl. 07:00–15:00. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf um miðjan desember.

Hæfniskröfur

- Jákvætt viðmót og góð samskiptahæfni
- Samstarfshæfni, sveigjanleiki og þjónustulund
- Stundvísi og áreiðanleiki
- Reynsla af eldhússtörfum er kostur
- Bílpróf æskilegt

Í samræmi við jafnréttisstefnu Skinneyjar-Þinganess eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um.

Umsóknir og nánari upplýsingar:
Óðinn Eymundsson
Sími: 899 1856
Netfang: odinn@hofn.is

LJÓSAGANGA Í ALMANNASKARÐI

Aðsend grein: Krabbameinsfélag Suðausturlands

Krabbameinsfélag Suðausturlands stendur fyrir ljósagöngu í Almannaskarði fimmtudaginn 26. nóvember klukkan 17. Gangan er opin fólki á öllum aldri sem vill taka þátt og sýna stuðning í verki.

Þátttökugjald er 500 krónur og frjáls framlög eru vel þegin. Gjaldið greiðist á reikning félagsins: kt: 420102-2080, reikningur: 0172-15-380067 og allur ágóði rennur til þess.

Krabbameinsfélag Suðausturlands er aðildarfélag Krabbameinsfélags Íslands og sinnir íbúum á Suðausturlandi. Félagið var stofnað 21. apríl 1970. Hlutverk þess er meðal annars að veita fólki sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendum þess þjónustu og stuðning. Meðal verkefna er að styrkja einstaklinga sem þurfa að dvelja langdvölum í Reykjavík vegna krabbameinsmeðferðar. Með starfsemi sinni vill félagið styðja fólk á svæðinu sem veikist af krabbameini og aðstandendur þess á krefjandi tímum.

Ljósagangan í Almannaskarði gefur fólki tækifæri til að koma saman og taka þátt í viðburði á vegum félagsins. Nánari upplýsingar um félagið má finna á facebook síðunni Krabbameinsfélag Suðausturlands.

Þátttakendur þurfa að taka með sér ljós, t.d. ennisljós eða vasaljós, og klæða sig eftir veðri. Fylgist með upplýsingum á facebook.

Hlökkum til að sjá ykkur lýsa upp aðventuna!



Gengið Almannaskarð. Mynd Sigurður Óskar

FÉLAGSSTARF ELDRI BORGARA Í ÖRÆFUM

Velferðarsvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar kynnir með ánægju nýtt verkefni sem miðar að því að efla félagsstarf eldri borgara í Öræfum.
Svanhvít H. Jóhannsdóttir mun leiða og halda utan um félagsstarfið í Öræfum fyrir hönd sveitarfélagsins. Í nóvember verður farið af stað með fjölbreytta dagskrá þar sem sjónum verður beint að hreyfingu og samveru samhliða því að safna saman hugmyndum og óskum íbúa um framtíðarskipulag starfsins.

Dagskrá nóvembermánaðar:

- 20. nóvember kl. 13:00–14:00: Gönguferð í Svínafelli. Gengið inn með fjalli, bílum lagt við samkomusvæðið við Hálsasker.
- 26. nóvember kl. 17:00–19:00: Myndasýning og spjall í Hofgarði.
- 29. nóvember kl. 13:00–14:00: Ganga meðfram ytri girðingum á Hofi út á línuveg. Bílum lagt við eystri Hofs-afleggjara. Boðið verður upp á kaffisopa á Kaffi Vatnajökli á eftir.

Ef ekki viðrar til útivistar verður boðið upp á dagskrá innandyra.
Allir eldri borgarar eru hjartanlega velkomnir.
Þeir sem vilja koma ábendingum á framfæri eða forvitnast nánar geta haft samband við Svanhvíti í síma 770-0494 eða við velferðarsvið sveitarfélagsins í síma 470-8011.

Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR

www.hornafjordur.is

HORNAFJARÐARMANNI LIFIR GÓÐU LÍFI

ÍSLANDSMEISTARI KRÝNDUR

Aðsend grein: Sigurpáll Ingibergsson

Guðrún Jónsdóttir frá Hólmi í Austur-Landeyjum varð Íslandsmeistari í Hornafjarðarmanna 2026 þegar Skaftfellingafélagið hélt Íslandsmótið í Tónabíói í Reykjavík miðvikudaginn 11. nóvember. Góð mæting var á mótið og mikil stemning meðal keppenda.



Alls tóku 33 spilarar þátt í mótinu. Keppendur komu víða að, meðal annars frá Grænlandi og ýmsum öðrum landshlutum. Það sýnir vel hvernig þetta gamla spil úr Hornafirði hefur haldið vinsældum sínum langt út fyrir heimahagana.

Guðrún sýndi mikla yfirburði í undankeppninni, þar sem hún fékk flest prik, og fylgdi þeim árangri eftir með tveimur öruggum sigrum í undanúrslitunum.

Þótt mjótt væri á mununum í úrslitunum hafði Guðrún að lokum betur og tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn. Í öðru sæti varð María Garðarsdóttir úr Kópavogi og Ásta Kristín Pálmadóttir úr Hafnarfirði hreppti bronsið.



Guðrún Jónsdóttir, lengst til vinstri, með farandgripinn sem keppt hefur verið um frá 1998. Allir verðlaunahafar hlutu einnig bókina Hringvegurinn eftir Arnþór Gunnarsson.
Mynd Sigurpáll Ingibergsson

SPIL SEM TENGIR KYNSLÓÐIR OG ÁTTHAGA

Hornafjarðarmanni er meira en keppnisspil. Spilið á rætur sínar í Hornafirði og er hluti af menningararfi Skaftfellinga. Það hefur um langt skeið sameinað fjölskyldur, vini og kynslóðir við spilaborðið, bæði heima í héraði og meðal brottfluttra Skaftfellinga.

Eitt helsta markmið Íslandsmótsins er að halda þessari skemmtilegu hefð lifandi og kynna spilið fyrir nýjum kynslóðum. Á tímum þegar símar og samfélagsmiðlar taka sífellt meira pláss í daglegu lífi er mikilvægt að varðveita samverustundir þar sem fólk hittist, spjallar, hlær og spilar saman.

Hornafjarðarmanni byggir þannig ekki aðeins á kænsku og heppni heldur líka á félagsauði, átthagatengslum og samveru kynslóðanna.

Albert Eymundsson átti frumkvæði að því að endurvekja Hornafjarðarmanna og síðar tók Skaftfellingafélagið við keflinu á Höfuðborgarsvæðinu. Félagið hefur síðan haldið hefðinni lifandi með Íslandsmótinu, þar sem keppt hefur verið um farandgrip frá árinu 1998. Markmiðið er að varðveita þennan menningararf og tryggja að spilið lifi áfram meðal komandi kynslóða, bæði í Hornafirði og víðar.

Skaftfellingafélagið hefur lagt rækt við þessa hefð með Íslandsmótinu síðustu ár, þar sem keppt hefur verið um farandgrip frá árinu 1998. Markmiðið er að Hornafjarðarmanni lifi áfram, bæði á heimilum í Hornafirði og meðal Skaftfellinga hvar sem þeir búa.

Þótt aðeins einn verði Íslandsmeistari hverju sinni eru það samveran, gleðin og hefðin sem standa uppi sem sigurvegarar.



Alls tóku 33 keppendur þáttí Íslandsmeistaramótinu.
Mynd Sigurpáll Ingibergsson

AÐVENNTUHÁTÍÐ

Sveitarfélagsins Hornafjarðar

JÓLAMARKAÐUR

14:00 - 17:00 í Nýheimum

JÓLASVEINAR

Mæta í Nýheima
kl. 15:00, 16:00 og 17:00

TENDRUN TRÉSINS

17:00 verður rölt með jólasveinunum yfir á útisvæðið þar sem hlýir jólatónar heyrast og ljósin verða tendruð á jólatré bæjarins

LAUGARDAGUR | **28 NÓVEMBER**

SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR

MENNINGARMIÐSTÖÐ HORNAFJARÐAR